

43

3. apríl

AUGLÝSING

á reglum um pappírnotkun opinberra fyrirtækja.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að horfið skuli að notkun ákveðinna pappírsstærða (venjulega nefndra DIN stærða) hjá ríkisstofnunum og embættum og öðrum þeim stofnunum, sem reknar eru að miklu leyti með opinberu fé. Á þetta við um bréfs-efni, umslög, eyðublöð, bókhaldsbækur, aðrar bækur og blöð, er stofnunin kynni að gefa út.

Ætlast er til, að birgðum þeim, sem nú eru fyrir hendi af áprentuðum og óáprentuðum pappír í stofnunum verði eytt áður en skipt verði um, en jafnóðum sem prenta þurfi nýtt eyðublað eða nýja bók verði stærð þeirra ákveðin eftir hinni nýju reglu.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins mun verða stofnunum til leiðbeiningar í þessu efni og til aðstoðar við ákvörðun stærðar þeirrar, sem nota skal í hverju skyni, þar til er þetta er komið í fastar skorður.

Fjármálaráðuneytið, 3. apríl 1951.

Eysteinn Jónsson.

Einar Bjarnason.

44

5. apríl

REGLUGERÐ

um söluskatt.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar á árinu 1951, eins og nánar er fyrir mælt í 2.—4. gr. hér á eftir, og af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja árið 1951, eins og nánar er tiltekið í 5.—11. gr. hér á eftir.

Söluskattur af innfluttum vörum.

2. gr.

Af tollverði allrar innfluttrar vöru skal greiða 7% söluskatt, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði, — og tekur gjaldskyldan einnig til vara til ríkisstofnana og annarra aðila, svo og til gjafa, sýnishorna o. þ. h. Undanþegnar söluskattinum eru vörur þær, sem taldar eru í 2. gr. tollskrálaganna og viðgerðir á skipum og flugvélum, svo og vörur þær, sem taldar eru undir 3. gr. hér á eftir.

Í 1. málsg. 10. gr. tollskrálaganna segir fyrir um það, hvað sé tollverð vöru. Frá þeirri reglu gildir sú undantekning, að ekki skal telja farmgjald í tollverði sykurs, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrárinnar.

3. gr.

Undanþegnar söluskatti eru þessar innflutningsvörur, auk þeirra, sem taldar eru í 2. gr. tollskrálaganna:

Tollskrá:

Kafli Nr.

2 1—18

Flesk og annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, ót. a.

3 1—5

Fiskur, nýr, ísvarinn, frystur, saltaður, þurrkaður eða reyktur.